

Gerð skjals: Fundargerð	Kvennaskólinn í Reykjavík	
Dags.: 26. febrúar 2025		
Tími: 14:30		
Staðsetning: Stofa M15 í Miðbæjarskóla		
Síða 1 af 1		

Tegund fundar Skólanefnd

Fundarstjóri	Kolfinna Jóhannesdóttir
Fundarritari	Guðný Rún Sigurðardóttir
Mætt	Stefán Hilmarsson, Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Diljá Ámundadóttir, Birna Imsland, Stefán Pálsson, Logi Hjörvarsson, Kolfinna Jóhannesdóttir, Guðný Rún Sigurðardóttir, Björk Þorgeirsdóttir, Ásdís Arnalds.

	Fundarefni
1.	Fréttir úr félagslífi nemenda Forseti Keðjunnar greindi frá viðburðum á vegum nemendafélagsins á vorönn er þar ber hæst árshátið nemenda sem haldin var í lok Tjarnardaga, uppsetningu á leiksýningu á vegum Fúríu, þátttöku í Gettu betur og Morfís, söngkeppnina Rymju sem fór fram í lok janúar og þemavikur sem lokið er og fyrirhugaðar eru.
2.	Skólastarfið á vorönn ÁA og BB kynntu nýafstaðið húsþing sem er hluti af endurmenntun og jafningjafræðslu starfsfólks. Sögðu frá Tjarnardögum en þá er gert hlé frá hefðbundinni kennslu, nemendur fá kynningu á námsgreinum til undirbúnings fyrir val á næsta skólaári. Á Tjarnardögum fer líka fram óhefðbundin kennsla á léttari nótunum. Sagt frá þátttöku í Erasmus+ verkefnum en hluti starfsfólks er á leið í „starfaspeglun“ til Sikileyjar í mars. Kynnti styrk sem veittur hefur verið úr Þróunarsjóði innflytjendamála og hefur fengið heitið „Byggjum brýr“ og er verkefni sem tengist kennslu á íslenskubraut og inngildingu nemenda í íslenskt samfélag.
3.	Uppgjör ársins 2024 Kynnt var niðurstaða úr uppgjöri ársins, útlit er fyrir halla af rekstri ársins 2024.
4.	Fjárhagsáætlun 2025 Lögð fram rekstraráætlun fyrir árið 2025. Skólameistari fór yfir hugmyndir að hagræðingu í rekstri til að vinna á uppsöfnuðum halla.
5.	Starfsmannamál Skólameistari kynnti niðurstöður úr Stofnun ársins 2024. Tveir kennarar hafa fengið námsleyfi næsta skólaár.
6.	Fundargerðir kennarafunda Fundargerð kennarafundar frá 10. janúar og 7. febrúar 2025 lagðar fram.
7.	Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30